Verzlunar- og skrifstofuhús, fjórlyft með þakhæð, risi og kjallara, byggt úr steinsteypu með þaki úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. Allir stigar og loft eru úr járnbentri steinsteypu, einnig stoðir og burðarbitar undir loftum. Í húsinu eru steinsteypuskilveggir í kjallara og umhverfis aðalstigagang hússins. Innan á útveggjum tveggja neðri hæðanna eru korkplötur og allar stoðir eru korklagðar. Innan á útveggjum þriggja efstu hæðanna eru vikurplötur. Skilveggir nýju hæðanna eru allir úr vikursteini. Þiljað er neðan á loftbita þakhæðarinnan, loftið vírlagt, og það, ásamt korklögðum vikursteini, allt múrsléttað. Skilveggir eldri hæðanna eru úr bindingi með tvöföldum insolitþiljum, lagðir vélapappír. Allt er húsið olíumálað innan. Á húsinu eru 22 vörusýningargluggar úr teachviði. Aukastigar eru úr timbri. Korkparket er á gólfi búðarhæðarinnar, en á gólfum efri hæðanna og ca. hálfum kjallara er línóleumdúkur. Húsið er allt múrhúðað utan. Í neðstu hæð er verzlunarsalur, skrifstofa, 2 vörusýningarherbergi við sýningarglugga götumegin, v.s., snyrti- og fataklefar, anddyri og gangur. Í annari hæð eru 5 skrifstofur, 2 fata- og handlaugarklefar, 2 v.s. anddyri og gangur. Í þriðju hæð eru 8 skrifstofur, v.s., snyrti- og fataherbergi, anddyri og gangur. Í fjórðu hæð eru 9 skrifstofur, 1 stofa fyrir v.s., snyrti- og fataklefi, anddyri og gangur. Í þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, 7 skrifstofur, v.s., snyrti- og fataherbergi, anddyri og gangur. Í kjallaranum er stór sölubúð, 2 geymsluherbergi, kaffistofa, skápur, stigagangur, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, lyftuklefi, anddyri og gangur. Kjallarinn er allur múrsléttaður innan og hvíttaður, nema búðin, sem er olíumáluð.

Stærð verzlunarhúss: L.18,4 m., br.16,5 m., h.14,1 m., kjh.2,7 m.

" rishæðar: L.18,4 m., br.9,0 m., h.2,2 m., ris 2,0 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

853.420.-
=====Samræmismat 1. apríl 1951.

A. Verzl.- og skrifst.h.:	L 18.4	br. 16.5	h. 14.1	kj. 2.7	=	5100.48 m ³
" Rishæð	: L 18.4	br. 9.0	h. 2.2	kj. 2.0	=	529.92 m ³
						<u>5630.40 m³</u>
						<u>2421.100.00</u>

Möt framkvæmd (1/8/1943.) 6/3/1951. Samræmismat 1. apríl 1951.

Metið kr.

a. Bankahús, byggt úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og steinskífu. Norðurhlið neðstu hæðar hússins hefir nú verið brotin niður og sett 6 steinsteypusúlur í staðinn. Allir skilveggir hússins, loft, gólf, stoðir, súlur og stigar eru úr járnbentri steinsteypu. Í neðstu hæð hússins er afgreiðslusalur, skrifstofa, 2 eldtraustir skápar, snyrti- og handlaugarherbergi og 2 anddyri. Fyrir framan afgreiðsluborðið er gólfíð lagt marmarahellum. Sömu leiðis eru öll afgreiðsluborð og allar súlur lagðar marmara, en línóleumdúkur er á gólfum salsins, innan við afgreiðsluborðið. Allir veggir salsins eru þiljaðir með brjóstpanel úr maghoni. Stiginn fyrir starfsfólkið er klæddur teachtréi yfir steinsteypunni og handriðið er úr teach. Vesturveggur salsins er skrautmálaður með "Freskó"-myndum, að öðru leyti er hann allur málaður. Allar hurðir þessarar hæðar eru úr teachtréi. Í báðum efstu hæðunum eru samtals 19 skrifstofur, 3 snyrtiklefar, 3 eldtraustir skápar, 2 gangar eftir endilöngu húsínu, 5 stigagangar og biðherbergi. Allt er þetta olíumálað innan og 4 skrifstofurnar eru með brjóstpanel úr teachviði. Línóleumdúkur er á öllum gólfum. Í rishæðinni eru 11 herbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., snyrtiklefi, 3 fastir skápar, gangur og 3 stigagangar. Hér uppi eru allir skilveggir úr bindingi með tvöföldum þiljum og loft eru úr tré. Allt múrhúðað og ýmist veggfóðrað eða málað innan. Á skambitum eru gólfborð, þar uppi er geymsla og þurkloft. Kjallari er undir öllu húsínu, með gólfi úr steinsteypu með marmarahellu þar yfir í flestum herbergjum. Þar eru 3 geymsluherbergi, fataherbergi, miðstöðvarherbergi, 2 kolaklefar, 3 eldfastir skápar, 1 eldtraust herbergi fyrir smáskápa (box) og 3 gangar. Öll eru þessi herbergi ýmist olíumáluð eða hvíttuð innan.

Stærð: L.34,0 m., br.13,2 m., h.14,0 m., ris 3,0 m., kjh.2,5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

2.310.000.-

b. Viðbygging er úr járnbentri steinsteypu með þaki úr tvöfaldri steinsteypu og pappalagt yfir í þeim hluta hennar, sem er einlyft. Tvílyfti partur hennar er með helluþaki á borðasúð. Aðalstigi, loft og skilveggir eru úr járnbentri steinsteypu. Götuhliðin er lögð utan með slípuðum steinsteypuplötum, hvítum. Innan á útveggjum eru korkplötur, múrsléttaðar og málaðar. Neðri hæðin myndar ósundurhólfaða viðbót við afgreiðslusal bankans og aðalanddyri bankabyggingarinnar. Allar súlur eru úr járnbentri steinsteypu, múrhúðaðar og málaðar. Gólf framan við afgreiðsluborð eru lögð

Flyt

2.310.000.-

Gata og númer:

A u s t u r s t r æ t i 11

Möt framkvæmd:	6/3/1951.	Metið kr.
	Flutt	2.310.000.-
<p>marmara. Gúmmi er á stigum og kjallaragöngum; Að öðru leyti er línóleum-dúkur á öllum gölfum. Á efri hæðinni eru 3 skrifstofuherbergi og gangur, allt með sama frágangi og á aðalhæðinni. Í kjallaranum eru aðalféhirsla, verðbréfrageymsla, 2 skrifstofur, seðlagreiningarklefi og skrifstofa aðalféhirðis, kolaklefi, hjólhestageymsla og 5 gangar. Auk þess, sem áður er tilfært í lýsingu neðri hæðar viðbyggingarinnar, eru þar 2 snyrtiherbergi.</p>		
Stærð:	Viðbygging tvílyft: Meðall.9,0 m., meðalbr.7,4 m., h.7,6 m., skápak, kjh.3,2 m.	
"	do. inngangur: Meðall.5,6 m., meðalbr.3,1 m., h.7,6 m., skápak, kjh.3,2 m.	
"	do. do. Meðall.2,9 m., meðalbr.3,2 m., meðalh.2,5 m., skáp., kjh.3,2 m.	
"	do. einlyft: Meðall.8,3 m., meðalbr.12,7 m., h.4,6 m., skápak, kjh.3,2 m.	
"	do. do. mjórri endinn: L.12,6 m., br.3,6 m., h.4,6 m., skápak, kjh.3,2 m.	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....		640.800.-
	Samtals	2.950.800.-
	=====	=====

Virt 6/3/1951.

Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati 1. ágúst 1943 en innan húss og utan hafa á þeim verið gerðar ýmsar umbætur og nokkrar breytingar. Ný norsk steinskífa hefir verið sett á allt þakið. Brjóstpanell hefir verið settur í afgreiðslusal og á afgreiðsluborð og í 4 herbergi á 2 hæð og gangi. Nýr samkomusalur hefir verið innréttaður á þakhæð, allur múrhúðaður í hölf og gólf, málaður og með eikarparkettgólfi ofan á steingólfinu. Komið fyrir skambbitum úr járn til upphalds þaki og sérstakri loftræsting. Í kjallara hefir loftræstingu verið komið fyrir í eldra húsinu og byggðir fastir fata-skápar.

A. Bankahúsið eldra: L 34.0 m. br. 13.2 m. h. 14.0 m. ris 3.0 m. kj. 2.5 m		
Húsið, ásamt tilheyrandi og hurðum fyrir eldtryggum skápum er virt á		6.462.700.00
B. Viðbygging : L 9.0 m. mbr. 7.4 m. h. 7.6 m. skápak kj. 3.2 m.		
" do inngönguskúr : M1 5.6 m. " 3.1 m. h. 7.6 m. skápak kj. 3.2 m.		
do do : " 2.9 m. " 3.2 m. h. 2.5 m. skápak kj. 3.2 m.		
do do : " 8.3 m. " 12.7 m. h. 4.6 m. skápak kj. 3.2 m.		
do do : " 12.6 m. " 3.6 m. h. 4.6 m. skápak kj. 3.2 m.		
Viðbyggingin, ásamt inngöngum og tilheyrandi, er virt á		2.135.700.00
	Samtals krónur	8.598.400.00 ✓

Gata og númer:

Austurstræti 11

Möt framkvæmd:	Metið kr.
Möt framkvæmd: 24/7/1967. 29/6/1968.	
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
A. Bankahús : L 34.0 br. 13.2 h. 14.0 ris 3.0 kj. 2.5 = 8078.40 m ³	
B. viðb., banki: L 9.0 br. 7.4 h. 7.6 skápak kj. 3.2 = 719.28 m ³	
" do. do.: L 5.6 br. 3.1 h. 7.6 skápak kj. 3.2 = 187.49 m ³	
" do. do.: L 2.9 br. 3.2 h. 2.5 skápak kj. 3.2 = 52.90 m ³	
" do. do.: L 8.3 br. 12.7 h. 4.6 skápak kj. 3.2 = 822.20 m ³	
" mjórri endi : L 12.6 br. 3.6 h. 4.6 skápak kj. 3.2 = 353.81 m ³	
	<u>10.214.08 m³</u>
	<u>8.598.400.-</u>
<u>Virt:24/7/1967.</u>	
Húsið óskast endurmetið vegna hækkandi verðlags og aukinna innréttinga.	
Stærð hússins:	
A: L. 34.0 m., br. 13.2 m., h. 14.0 m., ris 3.0 m., kj. 2.8 m., = 8.078.00 m ³ .	42.000.000.-
B: L. 9.0 m., br. 7.4 m., h. 7.6 m., ris skáp. kj. 3.2 m., =	
" L. 5.6 m., br. 3.1 m., h. 7.6 m., ris " kj. 3.2 m.,	
" L. 2.9 m., br. 3.2 m., h. 2.5 m., ris " kj. 3.2 m.,	
" L. 8.3 m., br. 12.7 m., h. 4.6 m., ris " kj. 3.2 m.,	
" L. 12.6 m., br. 3.6 m., h. 4.6 m., ris " kj. 3.2 m., = 2.136.00 m ³ .	11.107.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	kr. <u>53.107.000.-</u>
<u>Virt:29/6/1968.</u>	
Áður Hafnarstræti 10-12. Ný viðbygging og hækkun. 3 lyftur óskast metnar með.	
Stærð viðbyggingar:	
L. 32.3 m., br. 11.0 m., h. 12.9 m., kj. 2.4 m	
L. 16.8 m., br. 3.65 m. h. 3.8 m., kj. 3.4 m.	
L. 2.2 m., br. 3.65 m. h. 8.6 m., kj.	
L. 15.6 m., br. 3.90 m. h. 3.0 m.	
L. 6.4 m., br. 2.00 m. h. 6.4 m.	
L. 4.0 m., br. 3.70 m. h. 2.4 m.	
L. 4.6 m., br. 3.60 m. h. 2.1 m. = 6.288.00 m ³	
Viðbygging, ásamt 3 lyftum og tilheyrandi, er virt á	kr. <u>37.728.000.-</u>
<u>Virt: 19/5 1971</u>	
Ingólfshvoll.	
Steinsteypt. Múrhúðað utan, marmari, málað, eir. Húsið er 4 hæðir og kjallari, hitaveita.	
1.hæð: Þar er afgreiðslusalur, forstofa, loft klædd viði, veggir klæddir marmara, eða málaðir, gólf klædd marmara og allir stigar klæddir marmara, gler tvöfalt, allar hurðir úr harðviði.	
frh.	

Gata og númer: _____

Mát framkvæmd:	Metið kr.
2.hæð:	
Þar eru skrifstofur, skilrúm úr timbri og steini, viðarklæðningar og veggfóður á herbergjum, gler tvöfalt í gluggum, hurðir úr harðviði.	
3.hæð: Eins og 2.hæð, nema þar er salur viðarklæddur og eldhús.	
4.hæð: Þar er skrifstofur, skilrúm úr timbri eða steini, klædd veggfóðri eða viðarklæðningu. Gler tvöfalt í gluggum, harðviðar hurðir.	
Kjallari: Þar eru geymslur.	
Lyfta og loftræstingarkerfi.	
Stærð hússins:	
L 19,32m., Br. 11,05m., H. 6,5 m., Kj. 2,3 m. (2.3. og kj.)	
L 19,32m., Br. 5,33 m., H. 4,0 m. (1.hæð)	
L 17,15m., Br. 11,05m., H. 3,0 m. (4.hæð)	
L 17,0 m., Br. 4,45 m., H. 3,0 m.	
L 3,2 m., Br. 2,35 m., H. 2,5 m.	
} = 3.051,0 m ³	
Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á	27.450.000.-

Gata og númer: A u s t u r s t r æ t i l l . (Íngólfshvoll)

Möt framkvæmd: 30/6/1971.

Metið kr.

Virt 30/6/ 1971.

Bankahús, byggt úr steynsteypu og stálgrindum. Klætt með múrhúð og marmara slétthúðað og málað. Húsið er 4. hæðir og kjallari, hitaveita.

1. Hæð. Afgreiðslusalur, og forstofa er klætt með viði í lofti, veggir klæddir marmara eða málað, gólf eru einnig klædd marmara, og allir stigar lagðir marmara, gler er tvöfalt, og hurðir úr harðviði.

2. Hæð. Skrifstofur, skilrúm úr timbri og steini, viðarþiljur og veggfóður á herbigjunum, gler eru tvöföld, og hurðir úr harðviði.

3. Hæð. Ein og 2.hæð. nema þar er salur viðarklæddur og eldhús.

4. Hæð. Þæ eru skrifstofur og skilrúm úr timbri, eða steini. Klætt veggfóðri eða viðarklæðningar. Gler er tvöfalt í gluggum, og hurðir úr harðviði.

Kjallari: Geymslur.

2.3.og kj. L. 19.32 m., br. 11.05 m., h. 6.25 m., kj. 2.3 m.,

1 h. L.19.32 m., br. 5.33 m., h. 4.0 m.,

4 h. L. 17.15 m., br.11.05 m., h. 3.0 m.,

L. 17.0 m., br. 4.45 m., h. 3.0 m.,

L. 3.2 ., 2.35 m., h. 2.5 m.,

= 3051.0 m³

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt áKr 27.450.000.-

Möt framkvæmd: 21/1/1929. Samræmismat 1. apríl 1951.

Metið kr.

Verslunar- og skrifstofuhús, fjórlyft. Neðsta hæðin er byggð úr járn-
bentri steinsteypu, en hinar hæðirnar úr venjulegri steypu. Þak er úr borða
súð á sperrum með pappa og þakplötu þar yfir. Í húsinu eru 5 stigar og 5
loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venju-
legri steinsteypu. Á neðstu hæðinni er skósölubúð með skápum, hillum og
borðum, 2 skrifstofuherbergi, vinnustofa, fataklefi m/handlaug, v.s., and-
dyri og gangur. Innan á öllum útveggjum þessarar hæðar eru korkplötur,
sementssléttaðar og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Stór vörusýningar-
gluggi er á framhlið þessarar hæðar og fyrir framan hann eru 2 fastir vegg-
skápar og aðrir 2 sérstæðir, allir með vörusýningarrúðum. Terrassóyfir-
steypa er á öllum stigaprepum, anddyragólfi neðstu hæðar og undir og um-
hverfis vörusýningarskápinn. Á annari hæð eru 4 skrifstofuherbergi, bið-
stofa, 2 fataklefar m/handlaugum, 2 v.s. og gangur. Innan á útveggjum hér
uppi er timburgrind með pappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á,
allt múrsléttað og ýmist veggfóðrað eða málað. Á þriðju og 4 hæð er sama
herbergjaskipun og frágangur allur eins og á annari hæð. Á þaklyfti er
stór saumakennslustofa, 2 línstrokuherbergi, geymsluherbergi, þvottaher-
bergi, baðherbergi, v.s. og gangur. Hér eru skilveggir allir úr bindingi
með tvöföldum þiljum og allt þiljað innan á þaksperrur og neðan á skambita.
Öll herbergin eru strigalögð, veggfóðruð og máluð nema þvottaherbergið, sem
er múrsléttað á vír. Á skambitum er gólf og þar uppi geymslupláss. Í
kjallara hússins eru 4 geymsluherbergi, kolaklefi, miðst.herbergi, v.s. og
gangur. Allt sementsstrokið og hvíttað. Húsið er sementssléttað utan.
Stærð: L.9,4 m., br.16,6 m., h.14,4 m., ris 4,7 m., kjh.2,3 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

170.799.-2

Samræmismat 1. apríl 1951.

A. Skóverzl. og skrifsth.: L 9.4 br. 16.6 h. 14.4 ris 4.7 kj. 2.3

= 2964.76 m³1.274.800.00

Gata og númer:

Austurstræti 12

Möt framkvæmd:

Metið kr.

Virt: 20/10 1976.

Frá síðasta mati hafa verið gerðar breytingar á 2.hæð hússins.
 Settar hafa verið upp nýjar innréttingar ofl. á veitingastaðnum.
 Aðrar hæðir hússins eru óbreyttar.

Stærð hússins:

L. 9.4 m., Br. 16.6 m., H. 14.4 m., Ris. 4.7 m., Kj. 2.3 m. = 2.965 m³

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 83.020.000.-

Virt: 21/2 1978.

Húsið hefur allt verið endurnýjað, meðal annars: rafkerfi, pípulagnir og
 þakið. Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati.

Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr. 154.180.000.-

Gata og númer: Austurstræti 12 A

Mót framkvæmd: 18/2/1922. Samræmismat 1. apríl 1951. 22/12/1970	Metið kr.
<p>Verzlunar- og skrifstofuhús, tvílyft, byggt úr járnbentri steinsteypu, bæði út- og innveggir, gólf, loft og þak. Yfir steinsteypubaki er járnþak á langböndum. Á neðri hæð er sölubúð með borðum, hyllum, skápum og þiljuð innan með brjóstpanel og máluð. Ennfremur skrifstofuherbergi, 2 gangar og v.s. Á efri hæð eru 4 skrifstofur, geymsluklefi, gangur og v.s. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 3 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi og gangur. Allir stigar og tröppur eru úr steinsteypu.</p> <p>Stærð: L.7,8 m., br.15,1 m., h.6,6 m., skáp., kjh.1,9 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>71.100.- =====</p>
Samræmismat 1. apríl 1951.	
<p>A. Verzl.-og skrifsth.: L 7.8 br./5.1 h. 6.6 skápak kj. 1.9 =1001.13 m³</p>	<p>420.500.00</p>
<p>Virt:22/12/1970.</p>	
<p>Verzlunar- og skrifstofuhús, hefur verið hækkað frá síðasta mati 18/2/22. Er nú 5 hæðir.og kjallari.</p> <p>1. hæð: Þar er nú veitingastofa, fordyri, salerni, málað, harðviðarklæðningar og flísalagt.</p> <p>2. hæð: Þar er veitingasalur, framreiðslusalur (buffet) og 1 svalir. Skilrúm úr viði, veggir málaðir og harðviðarklæddir.</p> <p>3. hæð: Þar er eldhús, bítibúr, kaffistofa og fataherbergi starfsfólks. Fullkomið eldhús fyrir veitingarekstur.</p> <p>4. hæð: Þar eru skrifstofur með inng. úr Austurstræti 14, skilrúm eru úr timbri, viðarklædd eða máluð.</p> <p>5. hæð: (Þakhæð) er inndregin með svölum. Annars er frágangur sviðaður og á 4. hæð. Skambitaloft er yfir 4. hæðinni.</p> <p>kjallari: Þar eru vörugeymslur og kæliklefar. Ennfr.lyfta f.mat og vörur, Loftræstikerfi.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 7.9 m., br. 14.8 m., h. 6.25 m., kj. 2.1 m.</p> <p>3-4 L. 7.9 m., br. 16.25 m. h. 6.00 m.</p> <p>5.h. L. 7.9 m., br. 13.95 m. h. 3.65 m. = 2.149.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .þ kr. 15.344.000.-</p>	

Gata og númer:

A u s t u r s t r æ t i 14

Möt framkvæmd: 21/12/1928. Samræmismat 1. apríl 1951.

Metið kr.

Verslunar- og skrifstofuhús, fjórlyft með porti, risi og kjallara, byggt úr járnbentri steinsteypu. Þak er úr borðasúð, pappa og járni. Í kjallara eru skilveggir og gólf úr steinsteypu, þar ofan á rakavarnarlag og yfirsteypa úr járnbentri sterkri sementsblöndu. Í húsinu eru 5 loft úr járnbentri steinsteypu og 2 skilveggir yfir þvert húsið, sem og allir veggir umhverfis stigaganga, eru úr venjulegri steinsteypu. Aðrir skilveggir eru úr bindingi úr 2 x 4" plönkum með tvöfaldri borðaklæðningu, lagðri striga og maskínupappír. Innan á útveggjum allra hæðanna, nema þeirrar neðstu, eru korkplötur, og allir veggir og loft múrsléttuð og ýmist veggfóðruð eða máluð. Á neðstu hæð hússins eru 3 sölubúðir með búðarinnréttingu, 2 skrifstofuherbergi, 3 vinnustofur, 2 anddyri, 2 v.s., hanlaugarklefi og gangur. Á annari hæð er sölubúð, saumastofa, 5 skrifstofuherbergi, 2 v.s., handlaugarklefi, anddyri og gangur. Á 3. hæð hússins eru 6 skrifstofuherbergi, 5 lækningarstofur, 2 v.s., handlaugarklefi, anddyri og 2 gangar. Á 4 hæð eru 10 herbergi, 2 v.s., handlaugarklefi, anddyri og 2 gangar, allt veggfóðrað og málað. Á þaklyfti er skólasalur, 2 íbúðarherbergi, eldhús, 2 ljósmýndastofur, 2 fataherbergi, baðklefi, skrifstofa, geymsluklefi, 2 v.s., 2 handlaugarklefar, 2 gangar og 2 stigagangar. Á skambitum er gólf. Allt þaklyftið er þiljað innan og neðan á skambita og ýmist veggfóðrað og málað. Í kjallaranum eru 8 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, v.s. og gangur. Á gólfum tveggja sölubúðanna eru gúmmíúðkar og sömuleiðis á anddyrisgólfi og stigaprepum neðstu hæðarinnar. Á öðrum gólfum eru línóleumúðkar og eins á stigaprepum. Í húsinu eru 17 vörusýningargluggar með tilh. sýningarskápum. Stigar eru úr timbri. Allt er húsið sementssléttuð utan.

Stærð: L.15,4 m., br.16,5 m., h.14,4 m., ris 4,7 m., kjh.2,5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

326.613.-/

Samræmismat 1. apríl 1951.

A. Verzlunar- og skrifsth.: L 15.4 br. 16.5 h. 14.4 ris 4.7 kj. 2.5

$$= \underline{\underline{4878.72 \text{ m}^3}}$$

2.244.200.-

Gata og númer:

Austurstræti 14

Möt framkvæmd: 22/2 1977.

Metið kr

1. hæð: Er óbreytt.

2. hæð: Frá síðasta mati hefur allt verið endurnýjað, málað og nýjar leiðslur settar og allt nýtt. Óbreytt að stærðum.

3. hæð: Eins og 2 hæð.

4. hæð: Eins og 2 hæð.

Þakhæð: Verzlun endurnýjuð í sumár.

Stærðir eru óbreyttar.

Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á kr. 204.918.000

Möt framkvæmd: 1/9/1941. Ltra.b.1/11/1941) 10/12/1947.

Metið kr.

a. Lyfjasölu- og skrifstofuhús, fjórlyft með turni, 5 kvistum, 10 kvistgluggum og risi, byggt úr steinsteypu og með þakhellu á plægðri borðasúð með pappa á milli og listum. Öll gólfín eru úr járnbentri steinsteypu og sömuleiðis allir stigar. Veggirnir eru sementssléttaðir utan. Á öllum útveggjum, nema á neðstu hæð og bakgöngum, eru gjallplötur innan á veggjunum. Á neðstu hæð eru tvær lyfjasölubúðir, með borðum, skápum og öllum búðargögnum, lyfseðlaafgreiðsla, 2 vinnustofur, varðstofa, 3 anddyri, 2 skrifstofur, 3 snyrtiklefar m/v.s. og 2 gangar. Allt þetta er með hinum vandaðasta frágangi. Á annari hæð eru 8 herbergi, 2 eldfastir skápar, 4 v.s. og 2 gangar, allt sementssléttað og málað. Á þriðju hæð eru 9 herbergi, 3 gangar, og herbergi með v.s. og þvottaskál. Allt sementssléttað og málað. Á fjórðu hæð er sama herbergjaskipun með sama frágangi. Á rishæð eru 8 herbergi, samkomusalur, 2 geymsluklefar, v.s. m/þvottaskál og 3 gangar, allt sementssléttað og málað. Loft er á skambitum, hólfað í þrennt og eru þar geymslur. Ennfremur er geymsla í turni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Í honum eru 7 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi og 2 gangar.

Stærð: L.30,5 m., meðalbr.12,3 m., h.14,0 m., ris 6,8 m., kjh.2,2 m.

b. Viðbygging, byggð úr steinsteypu, bæði út- og innveggir, þak og gólf. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa á listum og vírlögðum þiljum þar innan á. Allt húsið er múrhúðað og olíumálað innan. Í viðbyggingunni eru 4 herbergi, 2 gangar og fastur skápur. Á þakinu eru 6 rismyndaðir gluggar. Húsið er múrhúðað utan. Kjallari ~~hefir verið byggður austan við aðal~~ húsið, úr steinsteypu, bæði veggir, gólf og loft, sem hvílir á gildum burðarbitum, einum eftir endilöngum kjallaranum, fjórum yfir hann þveran, með jafnmörgum stöðum. Allt er þetta úr járnbentri steinsteypu og sementssléttað innan. Kjallari þessi er allur neðanjarðar. Tveir steinsteypustigar eru úr aðal húsinu niður í kjallarann

Stærð: L.14,5 m., br.5,5 m., h.3,3 m., skáp., kjh.2,3 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....

960.345.-4
=====

Gata og númer:

Austurstræti 16.

Möt framkvæmd:	Metið kr.
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. sept. 1941 og B 1. nóv. 1941.</p> <p>A. Lyfjabúð m/m: L. 30.5 m. mbr. 12.3 m. h. 14.0 m. ris 6.8 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>B. Viðbygging, lyfjab.m/m: L. 14.5 m. br. 5.5 m. h. 3.3 m. skápak, kjh. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>2.499.000,-</p> <p>=====</p>
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
<p>A. Lyfsölu-og skrifsth.: L 30.5 mbr. 12.3 h. 14.0 ris 6.8 kj. 2.2</p> <p style="text-align: right;">= 7352.94 m³</p>	
<p>" Viðbygging : L 14.5 br. 5.5 h. 3.3 skápak kj.2.3.</p> <p style="text-align: right;">= 446.60 m³</p>	
	<p style="text-align: right;"><u>7799.54 m³</u></p> <p style="text-align: right;"><u>3.509.800.00</u></p>

Gata og númer:

Austurstræti 17

Möt framkvæmd: 17/8/1965	Metið kr.
<p>Nýtt verzlunar- og skrifstofuhús, 6 hæðir og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, utan er litað gler og aluminíum, þakið er steipt. Hitaveita.</p> <p>1. hæð: Þar er 1 kjörbúð, ferðaskrifstofa, 3 v. s. m/handlaug, stigahús, kæliklefi. Allt málað og vinil flísar á gólfum. ^{Stær} Stigahús niður í kjallara og vöru-lyfta frá 1. hæð og niður æ í kjallara.</p> <p>2. hæð: Þar er stigahús, 3 v. s. m/handlaugum. Stúkað sundur í skrifstofur með nóðan plötum. Allt málað og dúklagt og fölsk loft úr demplaplötum. Tvófalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. Fatahengi og smældhús.</p> <p>3. - 5. hæð: Þar eru stúkaðar sundur með harðviði, en að öðru leyri eins og 2. hæð.</p> <p>6. hæð: Er inndregin með svölum meðfram götu, stúkað sundur með harðviði. Stigahús, 3 v. s. m/handlaugum annað eru skrifstofur.</p> <p>kjallari: Þar er 1 geymsla, 1 verzlun, 1 v. s. /handlaug, ræstiklefi, sorp-brennsla, 1 herbergi f. starfsfólk, 1 herbergi f. vélar í sambandi við hita- og loft ræstingu.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>1. hæð: L. 23.00 m., br. 16.74 m., h. 4.00 m., kj. 3.6 m.</p> <p>2-5 hæð: L. 22.75 m., br. 13.30 m., h. 12.20 m.,</p> <p>6. hæð: L. 22.85 m., br. 11.00 m., h. 3.12 m. = 7.400.00 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 19.240.000.-</p>	

Möt framkvæmd:	20/1/1961. 26/3/1965	Metið kr.
<p>Nýtt verzlunarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki og plasti, óhúðað utan og með steinsteypu þaki. Húsið er ein hæð og kjallari.</p> <p>Á 1. hæð er bókaverzlun, v. s. og handlaug, anddyri, sýningargluggar og fjórar geymslur úr harðviði og furu til hægri við inngang, með hillum inni í geymslunum. Allt málað og dúklagt, klætt viði og/eða mosaik. Aðrar hillur, borð og skápar falla ekki undir tryggingu þessa.</p> <p>Í kjallara eru vörugeymslur og verzlun, allt málað og dúklagt. Auk þess er í kjallaranum kyndiklefar fyrir hitaveitu, lofthitun.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 8.95 m, br. 22.31 m, h. 3.5 m, kj. 3.5 m " 7.90 ", " 6.00 ", " " 3.0 " = 2.401.2 rúmm. " 9.70 ", " 11.84 ", " 3.6 ", " 3.9 "</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 3.169.600.-</p>		
<p><u>Virt 26/3/1965</u></p> <p>20. jan. 1961</p> <p>Frá síðasta mati/hafa verið byggðar 2 nýjar hæðir ofan á húsið.</p> <p>1. hæð er óbreytt frá síðasta mati.</p> <p>2. hæð þar er veitingastofa, eldhús, 2 snyrtiherbergi klætt innan viði og grjóti, eldhús málað harðviður í hurðum, Cardagluggar.</p> <p>3. hæð Þar eru 4 skrifstofuherbergi og snyrtiherbergi. málað og dúklagt. Cardagl. harðviður í hurðum.</p> <p>Þar er úr timbri til SKRIFSTOFUabráðabirgða, en 2 hæðir eru óbyggðar.</p> <p>Kjallari er óbreyttur frá síðasta mati.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 8.95 m., br. 22.31 m., h. 9.6 m. kj. 3.5 m. L. 7.90 m., br. 6.00 m., h. kj. 3.0 m. L. 9.70 m., br. 11.84 m., h. 3.6 m. kj. 3.9 m. = 3.620.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 9.050.000.-</p>		
<p><u>Virt: 22/9/1966</u></p> <p>1. 2. og 3. hæð eru óbreyttar frá síðasta mati, 26/3/1965, en byggt hefur verið ofan á húsið, þannig að það er nú 5 hæðir og rishæð. 4. hæð þar er stigahús, 4 herbergi gangur, snyrting með v. s. og handlaug öll skilrúm eru úr timbri, gólf dúklögð og í gluggum er tvöfalt gler. 5. hæð er eins og 4. hæð.</p> <p>Þakhæð þar eru skrifstofur, hæðin er minni en frágangur er svipaður og á 4. hæð. Kjallarinn er óbreyttur. Stærð hússins:</p> <p>1-5. hæð: L. 8.95 m., br. 22.31 m., h. 12.08 m., kj. 3.5 m. L. 7.90 m., br. 6.00 m., kj. 3.0 m. L. 9.70 m., br. 11.84 m., h. 3.6 m., kj. 3.9 m. = 4.389.00 m³</p> <p>6. hæð: L. 9.44 m., br. 9.72 m., h. 3.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á kr. 14.383.000.-</p>		

Möt framkvæmd: (Q/3/1943) 10/5/1945. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>a. Veitinga- og verslunarhús, byggt úr bindingi og múrað í hann með hraunhellu, klætt utan tvöfaldri plægðri borðaklæðningu á veggjum, og með helluþaki á borðasúð. Húsið er einlyft með risi. Í aðalhæðinni eru: veitingahús, ein sölubúð, rakarastofa, skrifstofa og gangur. Allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Fjórir vörusýningargluggar eru á húsinu. Í rishæðinni eru þrjú hárgreiðsluherbergi, skrifstofa, v.s., handlaugarkl., 4 geymsluherbergi og gangur. Fjögur af þessum herbergjum eru þiljuð innan, veggfóðruð og máluð, sömuleiðis gangurinn og snyrtiklefarnir. Dúkar eru á gólfum. Kjallari, með steinsteypuólfi, er undir litlum hluta hússins, hólf aður í tvennt, fyrir miðstöðvarvél og vélar til kaffihitunar.</p> <p>Stærð: L.23,5 m., br.7,5 m., h.5,7 m., á 7,5 m., en 2,5 m., á 16,0 m., af lengd hússins. Ris austurendans er 1,6 m., en vesturendans 4,4 m.</p> <p>Kjallarastærð: L.2,9 m., br.6,2 m., h.1,9 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	144.040.-
<p>b. Viðbygging er við austurgafli hússins, byggð úr bindingi, klædd utan borðum, pappa og jární. Þar er vörusýningarherbergi, með tilheyrandi sýningargluggum og þvottaherbergi. Bæði eru þessi herbergi þiljuð innan með panel og olíuborin.</p> <p>Stærð: L.5,3 m., br.3,2 m., h.2,7 m., skáp.</p> <p>Viðbyggingin er virt á.....</p>	5.600.-
<p>c. Geymsluhús er byggt eins og sjálft húsið.</p> <p>Stærð: L.8,0 m., br.5,0 m., h.3,4 m., ris 1,5 m.</p> <p>Geymsluhúsið er virt á.....</p>	8.250.-
<p>d. Geymsluskúr er byggður á milli aðalhússins og geymsluhússins, byggður úr bindingi, klæddur utan jární. Þar er geymsluklefi og gangur niður í kjallarann.</p> <p>Stærð: L.4,3 m., br.1,2 m., h.2,0 m., skáp.</p> <p>Geymsluskúrinn er virtur á.....</p>	700.-
<p>e. Tveir Veitingaskálar eru við suðurhlíð aðalhússins, byggðir úr bindingi, klæddir utan með plægðum borðum. Þiljaðir innan ýmist með panel eða masónít-plötum. Þak stærri skálans er að mestu leyti úr rúðugleri í römmum, en þak minni skálans er úr pappa á borðasúð.</p> <p>Stærð: L.10,2 m., h.2,5 m., br. 2,4 m., skáp.</p>	Flyt 158.590.-

Gata og númer:

Austurstræti 20

Möt framkvæmd: (1/3/1943.) 10/5/1945.	Metið kr.
Stærð: L.4,5 m., br.3,5 m., h.2,5 m., skáp.	Flutt 158.590.-
Skálarnir eru virtir á.....	9.090.-
f. Geymsluskúr (áður brunab.nr.498) byggður úr bindingi, klæddur utan borðum á veggjum og með járnþaki á pappa og borðasúð. Húsið er hólfað í 4 herbergi. Kjallari er undir öllu húsinu.	
Stærð: L.9,4 m., br.5,6 m., h.3,5 m., skáp., kjh.1,9 m.	
Geymsluhúsið er virt á.....	17.170.-
	Samtals 184.850.-
=====	
a. Veitingahús, einlyft úr bindingi og múrað í hann hraunhellu, klætt tvöfaldri borðaklæðningu á veggju og með hellu þaki á borðasúð. Það er óbreytt frá lýsingu 21/4/1932, nema hvað korkflísagólf hefir verið lagt í þann hluta þess, sem næst er aðalinngangi.	
Stærð: L. 23.5 m. br. 7.5 m. h. 5.7 m. á 7.5 m. l., en 2.5 m. á 16.0 m. l.	
" ris austurenda 1.6 m., en vesturenda 4.4 m. Kjst: L.2.9 m. br. 6.2 m. h. 1.9 m.	
Veitingarhúsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	208.400.-
b. Viðbygging við austurgafli veitingahússins, úr timbri, klædd utan með borðum, pappa og járn og óbreytt frá lýsingu 21. apríl 1942.	
Stærð: L. 5.3 m. br. 3.2 m. h. 2.7 m. skápak.	
Viðbyggingin ásamt tilheyrandi, er virt á.....	6.900.-
c. Eldhús, byggt eins og veitingahúsið.	
Stærð: L. 8.0 m. br. 5.0 m. h. 3.4 m. ris 1.5 m.	
Eldhúsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	33.000.-
d. Framreiðsluhús, byggt á milli aðalhússins og eldhússins, úr timbri, járnvarið, óbreytt frá lýsingu 21/4/1932.	
Stærð: L. 4.3 m. br. 1.2 m. h. 2.0 m. skápak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	1.000.-
e. 2 veitingaskúrar við suðurhlíð aðalhússins, byggðir úr bindingi, klæddir utan með plægðum borðum og þiljaðir innan ýmist með panel eða masonite-plötum. Þak stærra skálans er að mestu úr rúðugleri í römmum, en þak minni skálans er úr pappa á borðasúð.	
Stærð: L. 15.7 m. br. 2.5 m. h. 2.4 m. skápak.	
" L. 4.5 m. br. 3.5 m. skápak. h. 2.5 m.	
Báðir skálarnir, ásamt tilheyrandi, eru virtir á.....	25.200.-
	Flyt 274.500.-

Gata og númer:

Austurstræti 20.

Möt framkvæmd:	Metið kr.
	Flutt 274.500.-
f. Snyrtiherbergi, byggt áfast við suðurálmu e, úr timbri, þiljað innan og málað og klætt slípuðum asbestplötum á ca. 1/2 m. hæð. Það er aljárnvarið. Þar eru 3 v.s. og handlaugar. Stærð: L. 5.5 m. br. 2.0 m. h. 2.4 m. skáþak. Snyrtihúsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	7.800.-
g. Ísgeymsluhús, áfast við litra h, úr timbri, aljárnvarið og þiljað innan með slípuðum asbestplötum, byggður við suðurenda snyrtihússins f, og tengir saman geymsluskúrinn i, er fyrir var á lóðinni undir brnr. 498, en kemur nú undir sama númer og hin húsin. Í ísgeymsluskúrnum er terrassogólf. Stærð: L. 4.4 m. br. 2.7 m. h. 2.6 m. skáþak. Ísgeymsluhúsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	6.200.-
h. Skýli með skápum, úr bindingi, járnvarið. Stærð: L. 7.0 m. br. 1.6 m. h. 2.4 m. skáþak. Skýlið, er virt á.....	2.600.-
i. Geymsluskúr, áður brnr. 498, úr timbri, með járnþaki, óbreyttur frá lýsingu 21/4/1932. Stærð: L. 9.4 m. br. 5.6 m. h. 3.5 m. skáþak, kjh. 1.9 m. Geymsluskúrinn er virtur á.....	20.500.-
	Samtals 311.600.-
<hr/>	
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
A. Veitingahús:	
" Vesturendi : L 16.0 br. 7.5 h. 2.5 ris 4.4 = 564.00 m ³	
" austurendi : L 7.5 br. 7.5 h. 5.7 ris 1.6 = 365.63 m ³	
" Kjallari : L 2.9 br. 6.2 h. 1.9 = 34.16 m ³ 963.79	327.700.00
B. Veitingah.vb.: L 5.3 br. 3.2 h. 2.7 skáþak = 45.79 m ³	9.600.00
E. Eldhús : L 8.0 br. 5.0 h. 3.4 ris 1.5 = 164.00 m ³	49.200.00
D. Framreiðsluh: L 4.3 br. 1.2 h. 2.0 skáþak = 10.32 m ³	1.900.00
E. do L 15.7 br. 2.5 h. 2.4 skáþak = 94.20 m ³	
do L 4.5 br. 3.5 h. 2.5 skáþak = 39.38 m ³	34.700.00
F. Snyrtiherbergi: L 5.5 br. 2.0 h. 2.4 skáþak = 26.40 m ³	9.500.00
G. Ísgeymsla : L 4.4 br. 2.7 h. 2.6 skáþak = 30.89 m ³	11.100.-
H. Geymsluskýli: L 7.0 br. 1.6 h 2.4 skáþak = 26.88 m ³	3.200.00
I. Geymsla : L 9.4 br. 5.6 h. 3.5 skáþak kj.1.9 = 284.26 m ³	28.400.00
	<u>1685.91 m³</u>
	<u>475.300.00</u>

Gata og númer:

Austurstræti 20

Möt framkvæmd: 30/12/1953. 17/9/1965

Metið kr.

Húsið er óbreytt mati 10. maí 1945.

A. Veitingahús		
" vesturendi : L 16.0 br. 7.5 h. 2.5 ris 4.4	= 564.00 m ³	
" austurendi : L 7.5 br. 7.5 h. 5.7 ris 1.6	= 365.63 m ³	
" Kjallari : L 2.9 br. 6.2 h. 1.9	= 34.16 m ³	
	<u>963.79 m³</u>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....		501.200.00
B. Viðbygging : L 5.3 br. 3.2 h. 2.7 skápak	= 45.79 m ³	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....		16.000.00
C. Eldhús : L 8.0 br. 5.0 h. 3.4 ris 1.5	= 164.00 m ³	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....		82.000.00
D. Framleiðsluh.: L 4.3 br. 1.2 h. 2.0 skápak	= 10.32 m ³	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....		2.600.00
E. Framreiðsluh.: L 15.7 br. 2.5 h. 2.4 skápak	= 94.20 m ³	
" do : L 4.5 br. 3.5 h. 2.5 skápak	= 39.38 m ³	
Húsin bæði, ásamt tilheyrandi, eru virt á.....		60.300.00
F. Snyrtiherbergi: L 5.5 br. 2.0 h. 2.4 skápak	= 26.40 m ³	
" Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....		17.200.00
G. Ísgeymsla : L 4.4 br. 2.7 h. 2.6 skápak	= 30.89 m ³	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....		8.600.00
H. Geymsluskýli : L 7.0 br. 1.6 h. 2.4 skápak	= 26.88 m ³	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....		5.900.00
I. Geymsla : L 9.4 br. 5.6 h. 3.5 skápak kj. 1.9	= 284.26 m ³	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....		62.500.00
	<u>Samtals krónur</u>	<u>756.300.00</u> ✓

Virt: 17/9/1965

Frá síðasta mati hefur verið byggt við húsið úr timbri. Í viðbyggingu eru veitingasalir og eldhús v.s. og gangar. Allt mál að og dúklagt.

Stærð húsins:

A: L. 15.50 m., br. 7.50 m., h. 2.60 m., ris 4.20	+ 546.00 m ³	
" L. 7.50 m., br. 7.50 m., h. 5.20 m., ris 0.90	= 343.00 m ³	
" L. 7.50 m., br. 4.50 m., h. 2.70 m., ris fl.	= 91.00 m ³	
B, L. 25.50 m., br. 12.50 m., h. 3.10 m., kjx	= 969.00 m ³	
	2.089.00 m³	
	+ kj.	140.00 m ³
Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....	<u>2.089.00 m³</u>	3.656.000.-

Möt framkvæmd: 15/8/1964	Metið kr.
<p><u>Virt: 28/1/1964</u></p> <p>A. Frá síðasta mati, hefur húsinu verið breytt nokkuð og stækkað. Þar eru nú 3 verzlánir. Stærðir eru nú teknar nokkuð á annan veg en áður. Fyrst eru verzlánirnar þ.e. húsið meðfram Austurstræti: Þessu húsnæði hefur verið all mikið breytt, sérstaklega húsnæði því sem teppi h.f. hefur til afnota. Skemman, sem áður var, er nú hluti af þessu húsnæði og hefur hún verið hækkuð. Á annari hæð eru skrifstofur v. s. og útstilling (sýnishorn).</p> <p>Nýbygging úr timbri, er nú hluti af húsnæði því, sem Herrabúðin hefur til afnota. Þetta er einnar hæðar bygging.</p> <p>B. Vörugæmsla og verslun: Í norðurenda þessa húss, hefur verið sett verzlun, annars óbreytt.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A. verzl. L. 15.75 m., br. 10.5 m., h. 6.3 m., " L. 4.80 m., br. 5.5 m., h. 6.5 m. skemma L. 16.40 m., br. 4.4 m., h. 3.5 m., nýb. L. 8.2 m., br. 6.5 m., h. 3.1 m. = 1.632.00 m³. B. vörug.+ L. 17.6 m., br. 4.4 m., h. 2.2 m., kj. 2.2 m. = 340.74 m³. verzl.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr.</p> <p>.....</p> <p><u>Virt: 24.okt. 1975</u></p> <p>Stærðir eru óbreyttar, auknar og endurbættar innréttingar.</p> <p>A: L 15.75 m., Br. 10,50m., H. 6.3 m. } L 4,80 m., Br. 5,50 m., H. 6.5 m. } = 1.632 m³ L 16.40 m., Br. 4.40 m., H. 3,5 m. } L 8,20 m., Br. 6,50 m., H. 3,1 m. }</p> <p>B: L 17,60 m., Br. 4,40 m., H. 2.2 m. Kj. 2.2 m. = 341 m³ = 1.973 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 24.769.000.-</p>	<p>2.990.000.-</p> <p>410.000.-</p> <p>3.400.000.-</p>
<p><u>Virt: 24/10 1973.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur innréttingum verið bætt við og hinar endurbættar. Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 24.769.000.-</p>	<p>24.769.000.-</p>

Möt framkvæmd: (1/3/1943.) 28/1/1947. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
<p>a. Verslunarhús er byggt úr bindingi á 2 vegu, klætt utan borðum, pappa og jární, en hinar tvær hliðarnar eru hlaðnar úr holsteini. Suðurhlið þess er tvílyft, en norðurhliðin er einlyft með risi. Þak er úr borðasúð, pappa og jární. Á neðri hæðinni eru 2 sölubúðir, með skápum, borðum og 4 stórum vöru sýningargluggum, með skápum innan við þær, 2 skrifstofur, 2 v.s. og gangur. Allt þiljað með panel og loft lögð striga og maskínupappír. Allt málað. Á efri hæðinni eru einnig 2 sölubúðir, með tilheyrandi búðarinnréttingum, fé-hirðisherbergi, borðstofa, gangur, 3 geymsluherbergi, fataherbergi og 2 v.s. Allt þiljað með panel og málað. Undir húsinu er lítill kjallaraklefi fyrir miðstöðvarketil og kol.</p> <p>Stærð: L.13,2 m., br.10,2 m., br.10,2 m., meðalh.6,0m, meðalris 1,7 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	315.880.-
<p>b. Viðbygging er við suðurhlið aðalhússins, byggð úr steinlímdu holsteini, á 3 vegu, en áföst við aðalhúsið á einni hlið. Þak er úr borðasúð, pappa og bárujární. Á neðri hæðinni er sölubúð með hyllum, borðum og skápum. Þessi búð er án skilveggs áföst við vestari Búðina í litra a. Auk búðarinnar er gangur og stigagangur. Á efri hæðinni er sölubúð, með tilheyrandi. Hún er áföst við sölubúð á efri hæð litra a. Báðar eru þessar búðir þiljaðar panel, strigalagðar, pappírsklæddar og málaðar innan.</p> <p>Stærð: L.5,7 m., br.5,0 m., h.6,0 m., ris 1,0 m.</p> <p>Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	22.680.-
<p>c. Vörusýningarhús (Skemma) er við vesturgöfl aðalhússins og byggð eins og það.</p> <p>Stærð: L.5,7 m., br.2,7 m., h.2,2 m., ris 1,5 m.</p> <p>Vörusýningarhúsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	5.400.-
<p>d. Geymslu- og verslunarhús er byggt úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Þar er sölubúð, með tilheyrandi hyllum og skápum og 2 vörugeymsluherbergjum. Allt þiljað og málað.</p> <p>Stærð: L.17,6 m., br.4,4 m., h.2,2 m., skáp., kjh.2,2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	20.280.-
<p>e. Verslunar- og vörusýningarhús er byggt úr steinsteypu á 2 vegu en að öðru leyti áfast við litra a, b og c. Þak er úr borðasúð, pappa og jární. Þar eru 2 sölubúðir, með 8 vörusýningargluggum, með hyllum, borðum og skápum; lokaðir glerskápar eru inni-fyrir hverjum glugga. Gólf eru hér úr Flyt</p>	364.240.-

Gata og númer:

Austurstræti 22

Möt framkvæmd:	Metið kr.
Flutt	364.240.-
steinsteypu og timburgólf þar yfir. Allt er hús þetta þiljað innan og olíu- málað.	
Stærð: L.10,0 m., br.4,4 m., h.2,5 m., skáp.,	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	18.700.-
f. Viðbygging er við austurgافل litra a, úr holsteini á 3 vegu, en tengt við aðalhúsið á eina hlið. Þak er úr bárujárni á borðasúð með pappa á milli. Þar er sölubúð með borðum og skápum, tengd, skilveggjalaust, við austari búð aðalhússins. Allt þiljað og málað innan.	
Stærð: L.5,0 m., br.7,5 m., h.4,0 m., skáp.	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	24.320.-
g. Girðingar eru virtar á.....	3.000.-
Samtals	410.260.- ✓
=====	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/3/1943. Virt með föstum hillum og skápum.	
A. Verzlunarhús: L. 13.2 m. br. 10.2 m. h. 6.0 m. ris 1.7 m. (Ítill miðstöðvarkj.)	
" Do.viðb: L. 5.7 m. br. 5.0 m. h. 6.0 m. ris 1.0 m.	
" Vörusýnisskemma: L. 5.7 m. br. 2.7 m. h. 2.2 m. ris 1.5 m.	
" Verzl.-geymsluhús: L. 10.0 m. br. 4.4 m. h. 2.5 m. skápak.	
" Viðb.v/austurgافل: L. 5. m. br. 7.5 m. h. 4.0 m. skápak.	
Öll húsin, ásamt tilheyrandi, eru virt á.....	480.800.-
B. Vörugeymsluhús: L. 17.6 m. br. 4.4 m. h. 2.2 m. skápak, kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	50.700.-
Samtals	531.500.-
=====	
<u>Sámramismat 1. apríl 1951.</u>	
A. Verzlunarhús : L 13.2 br. 10.2 h. 6.0 ris 1.7 = 915.55 m ³	
" Viðbygging : L 5.7 br. 5.0 h. 6.0 ris 1.0 = 185.25 m ³	
" Sýningarskemma: L 5.7 br. 2.7 h. 2.2 ris 1.5 = 44.63 m ³	
" Verzlun og geymsla : L 10.0 br. 4.4 h. 2.5 skápak = 110.00 m ³	
" Viðbygging og austurgافل : L 5.0 br. 7.5 h. 4.0 skápak = 150.00 m ³	590.300.00
B. Vörugeymsla : L 17.6 br. 4.4 h. 2.2 skápak kj.2.2 = 340.74 m ³	88.000.00
	<u>1746.17 m³</u>
	<u>678.900.00</u>

Gata og númer:

Austurstræti 22

Möt framkvæmd: 24/11 1978.	Metið kr.
Frá síðasta mati hefur átt sér stað stækkun á verslunarhúsnæðinu, pylsubar , wc. með tilheyrandi ofl. eldra húsnæði er allt endurnýjað. Nýr lager.	
Stærðir. eldri st. : L. 15,75 m., Br. 10,5 m., H. 6,3 m. L. 4,8 m., Br.,5,5 m.,H 6,5 m. L. 16,40 m., Br. 4,40 m., H. 3,5 m. L. 8,20 m., Br. 6,50 m., H. 3,1 m.	
Stærðir.Ným.: 1.hæð: 18,5 m., Br. 7,40 m., H. 3,0 m. 11.hæð: L. 6,4 m., Br. 8,30 m., 3,2 m.	Alls: 2266 ³
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr	<u>72.512.000.-</u>

Möt framkvæmd: 21/8/1931 og 1 febr/1943. 6/11/1948.

Metið kr.

a. Kvikmyndasýningarhús, byggt úr járnbentri steinsteypu, veggir allir, loft, kjallaragólf og þak. Yfir miðju húsinu er þó þak úr járn á langböndum á 5 m. af breidd þess, eftir því endilöngu. Til beggja hliða við járnþakið er bogamyndað, tvöfalt steinsteypuþak, með sindri á milli. Húsið er tvær hæðir, auk þaklyftis og kjallara. Í miðju húsinu er salur, 16,7 m langur, 9,6 m breiður og 9,7 m hár. Í austurenda hans eru svalir 7,0 m fram í salinn. Með allri framhlið neðri hæðar hússins er forsalur, flísalagður. Þar er og eikarklefi til aðgöngumiðasölu. Við austurenda salsins er stiga-gangur frá kjallara til þaklyftis. Stigar allir eru úr steinsteypu og þrep klædd marmara. Yfir forsalnum er salur á efri hæðinni eftir endilöngu húsinu. Við vesturgafli eru stigar úr timbri, frá kjallara til þaklyftis. Fjórar dyr eru á framhlið hússins og 3 kvistar á norðurhlið þess, allir með steinsteypuþaki. Kjallari er undir allri lengd hússins 16,0 m breiður og eru 3 m. af breidd hans ekki yfirbyggðir. Myndar þak þessa hluta hans gangstétt með fram framhlið hússins, með steinsteypu handriði á ytri brún hennar. Kjallarinn, og allt húsið, er sementssléttað utan og innan, og allt málað innan og utan. Í kjallara eru 4 herbergi múrsléttuð og máluð, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, motorklefi, 2 gangar, 2 v.s. og geymsluherbergi. Stærð: L.22,0 m., br.12,6 m., h.9,7 m., ris 2,5 m.

Kjallarastærð: L.22,0 m., br.16,0 m., h.2,8 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 428.640.-

b. Bifreiðaaufgreiðsluskúr, byggður úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Þiljað er innan á alla veggir og neðan á loftbita skúrsins með plögðum borðum. Skilveggir eru úr bindingi, klæddum tvöföldum panel. Veggir allir og loft eru olíubornir. Steinsteypugólf er í skúrnum og timburgólf þar yfir. Skúrin er múrsléttaður utan. Í honum eru 4 herbergi.

Stærð: L.6,6 m., br.3,7 m., h.3,0 m., skáp.

Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á..... 2.690.-

Samtals 431.330.-

6/11/1948.

Húsið hefir mikið verið breytt frá síðasta mati 21. ágúst 1931 og 1. febr. 1943. Við hið gamla hús Nýja Bíós var á árunum 1945-1947, byggð viðbygging út að Lækjargötu og tengd gamla húsinu, þannig að bæði húsin eru nú samfelld. Af gamla húsinu var rifinn austurgafli þess og þakið af sýningarsal.

Gata og númer:

Möt framkvæmd: frh.

Metið kr.

Að öðru leyti stendur gamla húsið óhaggað, nema um umbætur, innréttingar og samtengingar sé um að ræða í sambandi þess við nýbygginguna.

A fyrstu hæð í nýbyggingu út að Lækjargötu eru bóðir og skrifstofa, svo og gangur inn að kvikmyndahúsinu. Bóðir eru múrhúðaðar og málaðar og dúkar á gólfum. Gangar í nýja og gamla húsinu eru múrhúðaðir og málaðir relief-málningu, en á gólfi er norsk skífa. Hurðir og gluggar eru úr stáli. Á mótum gamla og nýja hússins, svo í gamla húsinu er anddyri kvikmyndahúss, svo og sýningarsalur. Anddyri er klætt sænskum kalksteini á veggjum en á gólfi er granit. Sýningarsalur er ekki múrhúðaður, en klæddur innan. Á gólfi er dúkur. Á veggjum neðst er brjóstklæðning úr oregonpine með mahognylistum, en ofar götum settar harðviðarplötur á trélistum. Loft er klætt neðan plægðum trélistum. Á bakveggjum er cellotex. Í sýningar-sal eru 491 sæti.

A annari hæð eru skrifstofur út að Lækjargötu múrhúðaðar og málaðar og dúkar á gólfum, gluggar úr stáli með tvöföldu gleri. Á annari hæð gamla hússins eru 3 skrifstofuherbergi, veggfóðruð og dúklögð.

A þriðju hæð eru skrifstofur, eins bónar og á 2 hæð, nema gluggar eru úr tré.

A fjórðu hæð er, auk eins skrifstofuherbergis sýningarklefi kvikmyndahússins. Eru herbergin múrhúðuð og máluð og dúklögð, en útgönguhurðir úr stáli.

A fimmtu hæð eru skrifstofur múrhúðaðar, málaðar og dúklagðar.

I kjallara nýviðbyggingarinnar eru útveggir einangraðir með frauðsteypu og múrhúðaðir að mestu og einnig að mestu leyti málaðir með steinmálningu og gólf eru víðast máluð. Kjallari gamla hússins er óbreyttur, en tengdur við nýja kjallarann. Þar er hólfað rúm fyrir loftræstingarkerfi hússins.

Á mótum kjallaranna eru salerni múrhúðuð og máluð og gamlar flísar á gólfum.

Á stigum í skrifstofubyggingu er norsk skífa. Framhlið að Lækjargötu er klædd svörtu graníti á 1. og 2. hæð, en þar fyrir ofan er hús kvartshúðuð.

Við útveggjum gamla hússins var ekkert hreyft of er hliðin að Austurstræti máluð frá eldri tíð. Yfir sýningarsal er steyp loft, klætt bárujárni.

Sama máli gegnir um þak skrifstofubyggingarinnar,

Stærð hússins: L 22.0 m. br. 10.0 m. mh. 9.7 m. skápak.

" viðbygg.: L 22.0 m. br. 2.6 m. " 8.2 m. skápak.

" do : L 8 m² " 8.2 m. skápak.

" kjallara: L 22.0 m. br. 16.0 m. " 2.8 m. skápak.

Gata og númer:

A u s t u r s t r æ t i 22 B. (Nýja Bíó)

Möt framkvæmd: 6/11/1948. Samræmismat 1. apríl 1951.	Metið kr.
frh. Stærð nýja hlutans : Ml. 16.2 mbr. 12.4 mh. 16.0 kj. 2.7 " viðbyggingar: " 3.5 " 0.9 " 16.0 kj. 2.7 Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	<u>3.361.300.-</u>
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
A. Kvikmyndahús o. fl.: L 22.0 br. 10.0 mh. 9.7 skápak = 2134.00 m ³ " Viðbygging : L 22.0 br. 2.6 mh. 8.2 skápak = 469.04 m ³ " do : L 8 m ² mh. 8.2 skápak = 65.6 m ³ " Kjallari : L 22.0 br. 16.0 h. 2.8 = 985.6 m ³ " Skrifstofuh. o. fl.: L 16.2 mbr. 12.4 mh. 16.0 kj. 2.7 = 3756.45 m ³ " Viðbygging : L 3.5 mbr. 0.9 mh. 16.0 kj. 2.7 = 58.90 m ³	<u>7469.59 m³</u> <u>3.361.300.00</u>

Gata og númer:

Austurstræti (varðmannsskýli á bílastæði)

Möt framkvæmd: 10/11/1959.	Metið kr.
<p>Er nýtt varðmannsskýli, byggt úr timbri, ósundurhólfað og upphitað með rafmagni. Stærð skýlisins: L. 1.4 m., br. 1.4 m., h. 2.1 m. = 4.12 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á kr.</p>	<p>15.000.-</p>